

**Nd.**

**459. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir skipar ríkisstjórnin 5 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs.

Búnaðarfélag Íslands, Samband íslenskra samvinnufélaga og Kaupfélag Borgfirðinga og Sláturfélag Suðurlands í sameiningu tilnefna sinn mann hvert í nefndina.

Bæjarstjórn eða sveitarstjórn fjölmennasta bæjarfélags eða sveitarfélags á hverju verðlagssvæði tilnefna hver einn mann. Þessir menn taka sæti í nefndinni eftir eftirfarandi reglum:

Þegar verðlag á sláturfjárafurðum er ákveðið á hverju verðlagssvæði, á

sæti í nefndinni sá fulltrúi, sem kosinn er á því verðlagssvæði. Að öðru leyti á það sæti sá fulltrúinn, sem bæjarstjórn Reykjavíkur kys.

Fimmta manninn skipar landbúnaðarráðherra án tilnefningar. Skal sá maður vera formaður nefndarinnar.

Nefndin ræður fulltrúa, sem annast dagleg störf. Hún getur valið sér trúnaðarmenn eða skipað eftirlitsnefndir, eftir því sem þörf krefur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

## 2. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Hver sá, sem slátrar fé til sölu eða kaupir fé til slátrunar innanlands, skal greiða af kjötinu verðjöfnunargjald samkvæmt lögum þessum og ákvörðun kjötverðlagsnefndar. Af sláturfé, sem flutt er út lifandi, greiðist ekki verðjöfnunargjald, en senda ber kjötverðlagsnefnd skýrslu um þann útflutning jafn-skjótt og fé er flutt út.

## 3. gr.

Aftan við 4. grein laganna bætist:

Á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi má þó ekki heimta hærra verðjöfnunargjald en 5% af nettóverði, sem kjöteigendum er greitt.

## 4. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Þeir, sem slátra fé til sölu, skulu gefa kjötverðlagsnefnd skýrslu um daglega slátrun, staðfesta af kjötmatsmönnum — af oddvita sveitarstjórnar, ef um heimaslátrun er að ræða — og standa skil á verðjöfnunargjaldinu til nefndarinnar. Stjórnir féлага, sem aðeins skipta við meðlimi sína, skulu einnig senda slíka skýrslu og standa skil á verðjöfnunartillaginu.

Gjalddagi er þegar slátrun fer fram.

Nefndin geymir verðjöfnunarsjóð á tryggum stað þann tíma, sem hún hefir hann undir höndum.

## 5. gr.

7. grein laganna orðist svo:

Haga skal verðuppbót á útflutt kjöt þannig, að útflytjendur fái jafnhátt nettóverð fyrir kjöt, sem er jafngott að uppruna, hvort sem það er kælt, fryst eða saltað.

## 6. gr.

10. grein laganna orðist svo:

Kjötverðlagsnefnd skal takmarka flutning sláturfjár og sláturfjárafurða milli verðlagssvæða, ef hætta er á, að markaður verði ofhlaðinn á einhverjum stað.

Slikum takmörkunum skal þó ekki beita gegn smásendingum, sem eingöngu eru ætlaðar til heimilisneyzlu viðtakanda.

## 7. gr.

11. grein laganna falli burt, og tölusetning greina, er eftir fara, breytist samkvæmt því.

## Greinargerð.

Kjötsölulögin, sem svo eru kölluð af alþýðu manna, hafa nú staðið á annað ár, og hafa farið fram tvennar haustslátranir á því tímabili. Verður því að telja, að þessi reynslutími sé nægilega langur til þess, að kostir og gallar þess fyrirkomulags, sem með þeim lögum er ákveðið á kjötsölunni, séu í ljós komnir, svo að fyrirkomulagið megi dæma rétt af þeirri reynslu.

Það er ekki ofsagt, að engin lög, sem sett hafa verið síðustu tvo áratugi, hafa hlotið jafnalmennar óvinsældir á jafnskömmum tíma og kjötsölulögin. Af hundruðum bænda, sem ég hefi ýmist átt tal við eða fengið bréf frá um þetta mál úr flestum byggðarlögum á Íslandi, hefir ekki einn einasti talið, að kjötsölulögin væru til bóta. Allir hafa þeir talið, að þau væru gölluð, og að misfellur hafi orðið á framkvæmd þeirra, og flestir hafa talið, að þeir persónulega hafi beðið af þeim verulegt tjón beint og óbeint.

Þessi almenna óánægja kjöteigendanna með lögin og framkvæmd þeirra er raunar fullnægjandi sönnun þess, að lögin séu óviðunanleg í þeirri mynd, sem þau nú eru, og að þeim verði að breyta í verulegum atriðum, einkanlega þegar við óánægju framleiðenda bætist mjög almenn óánægja neytendanna, þótt þeir tali færra um. Ég tel alveg víst, að þessi almenna andúð gegn lögum þessum sé vitanleg flestum þingmönnum. Eigi að síður tel ég rétt, og jafnvel nauðsynlegt, að tilgreina hér það helzta, sem óhöppunum og óánægjunni veldur.

Það, sem valdið hefir mestu tjóni og mestum óþægindum, eru hömlurnar á frjálsri slátrun og beinni sölu framleiðenda til neytenda. Fjöldi bænda hefir um langan aldur, og margir alla sína búskapartið, séð sjálfir um slátrun fénaðar síns, annaðhvort heima eða í kaupstað, og selt sláturfjárafurðirnar beint til neytenda. Er þetta einkum venja þar, sem samgöngur eru erfiðar og kostnaðarsamar. Bændur þessir spara sér að miklu leyti dýra flutninga á lifandi fé, alla aðkeypta vinnu við slátrunina og verkun kjötsins og allan sölukostnað. Þeir fá því það verð, sem kaupandinn greiðir, óskert í bú sín, greitt strax og í peningum, ef þeir óska. En auk þess fá þeir oft heldur hærra verð en það venjulega, því þeir eiga flestir sömu viðskiptamenn ár eftir ár, sem fúslega greiða riflegra verð, er þeir geta treyst því, að varan sé góð og vel verkuð og að öllu að þeirra skapi.

Viðskiptum þessum er að mestu slitíð með framkvæmd kjötsölulaganna, og er það svo mikið beint og óbeint tjón, að smábændur fá alls ekki staðizt það. En auk þess sem allir þeir, sem sætt gátu eigin slátrun og beinni sölu, fá nú lægra verð en ella fyrir kjöt sitt, verður salan örðugri með milliliðafyrirkomulaginu, því kjötneyzlan minnkar eðlilega mikið við það, að þessi gömlu viðskiptabönd eru slitin.

Aðaltilgangur kjötsölulaganna var sagður sá, að hækka verðið til framleiðenda, helzt með því að minnka milliliðakostnað, og að hagnýta betur innlendan markað en áður var gert, þ. e.: að auka neyzluna.

Þetta hefir alveg mistekizt. Það hefir alls ekki tekizt að hækka verðið til framleiðenda. Tilraun var gerð til þess í Sláturfélagi Suðurlands að borga bændum hærra verð en kjötsalan raunverulega gaf, og taka síðan hluta af gæruverðinu

og jafna með skakkann. Var þetta og gert í fleiri félögum. En þetta reyndist ekki haldgott. Og í haust borgar t. d. Sláturfélag Suðurlands bændum út 14 aurum lægra verð á kg. en í fyrra. — En allir þeir, sem seldu áður beint, fá nú lægra verð en áður. Útsöluverð kjötsins hefir þar á móti hækkað, og sést af því, að milliliðakostnaðurinn hefir ekki farið minnkandi. Er og eitt höfuðatriði laganna í því fólgið, að banna bændum milliliðalausá sölu sláturfjárafurða sinna.

Hagnýting markaðanna hefir og gersamlega mistekizt. Fyrst og fremst af því, að öll beinu samböndin hafa verið slitin, svo kjötneyzlan minnkaði. Var markaðurinn innanlands svo ofhlaðinn, að banna varð arðvænlegustu slátrunina, sem verið hefir í stærstu markaðsstöðunum innanlands, en það er júlí- og ágústslátrunin. Byrjaði slátrun hér í Reykjavík á þessu ári nálega mánuði síðar en venjulega undanfarin ár.

Verðjöfnunargjaldið til verðuppbótar á útflutt kjöt átti að tryggja það, að innlendi markaðurinn yrði ekki ofhlaðinn. Gegn verðjöfnunargjaldinu, sem ekki er endurgreitt, áttu menn að fá markaðsvernd innanlands. Með því voru menn látnir kaupa innlenda markaðinn, sem líklegt þótti að yrði hagstæðari en sá erlendi.

Þeir, sem notað höfðu innlenda markaðinn áður, greiddu nú verðjöfnunargjaldið og gerðu engar ráðstafanir til útflutnings. Þeir vissu ekki annað en að þeir hefðu keypt forgangsrétt að innlendum markaði og tryggt það, að hann yrði ekki ofhlaðinn.

En þetta fór allt í handaskolum hjá kjötverðlagsnefndinni. Innlendi markaðurinn var ofhlaðinn, kjötið streymdi milli verðlagssvæða og féll eins og skriða yfir beztu markaðsstaðina. Þeir, sem með greiðslu verðjöfnunargjaldsins héldu sig hafa tryggt sölu kjöts síns á innlendum markaði, „brunnu inni“ með nokkurn hluta þess, en verðlagsnefndin sá sig til neydda að klippa framan af slátrunartímanum bezta markaðstímabilið, til þess að geta svælt út birgðunum frá fyrra ári.

Með 6. gr. þessa frumvarps er ætlazt til, að það sé tryggt, að þessi mistök endurtakist ekki.

Vitað er, að heildsöluverð er ekki ákveðið það sama á innlendum markaði alstaðar á landinu. Af þessu leiðir, að verðjöfnunargjaldið má ekki heldur vera það sama alstaðar á landinu, heldur því lægra sem heildsöluverðið er ákveðið lægra. Þessu er reynt að fullnægja með 3. gr. frv.

Ég hefi með frumvarpi þessu reynt að bæta úr þeim ágöllum, sem reynslan hefir ýmist leitt í ljós eða staðfest, að eru á kjötsölulögunum. Geng ég þó út frá því, að reynslutími þeirra sé hvergi nærri liðinn og að enn eigi eftir að koma í ljós ýmislegt það, sem knýr til frekari breytinga. En þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar séu, þola enga bið.

Í tillögum þeim, sem felast í þessu frumvarpi, hefi ég stuðzt við umsagnir og álit fjölda bænda. Set ég hér nokkur sýnishorn ummæla í bréfum til mín úr ýmsum byggðarlögum landsins.

Úr *Vallahreppi, Suður-Múlasýslu, 18. sept. 1935*: „... Óhætt er að segja, að allir hendur hér eru óánægðir með kjötsölulögin og búast ekki við, að verðið á kjötinu síðastliðið haust verði neitt hærra en áður“.

*Úr Helgustaðahreppi, Suður-Múlasýslu, 10. sept. 1935.* „... Með hinum nýju kjötlögum í fyrra héldu margir, að þingið hefði unnið mikið og gott verk í þágu bændastéttarinnar, en útkoman varð sú, að verðið til framleiðendanna varð ekkert hærra en áður hafði verið, þegar búið var að greiða allan þann kostað, sem af skipulaginu leiddi. Með lögum þessum er tekið svo fram fyrir hendur okkar, að við megum ekki einu sinni láta frá okkur einn dilksskrokk, nema spyrja um það óviðkomandi menn. Þessu fyrirkomulagi kann ég afar illa. Eitt dæmi vil ég nefna um afleiðingar þessara þvingunarlaganna: Á Eskifirði, sem er verzlunarstaður minn, höfðu sláturleyfi M. E. Jensen kaupm. og Kaupfélag Eskifirðinga. Ég lét helming sláturfjár mins til hvors þessara kaupenda. Eftir að menn voru búnir að leggja inn í kaupfélagið, var því lokað og það gert upp sem gjaldþrota. Við þetta misstu vitanlega margir mikið af innleggi sínu fyrir ekki neitt. Ég missti helming minnar ársframleiðslu, því að ég var skuldlaus við kaupfélagið, enda ekki skipt við það fyrr en síðastliðið haust, og þá af því, að mér var skipað það. -- Ég hefi gert kröfu, en það visar hver frá sér, og hefi ég litla von um að sjá nokkuð af þessu“.

*Úr Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu, 1. sept. 1935:* „... Óánægðir munu margir bændur vera með tilhögun kjötsölunnar. Min skoðun er, að bændur á afmörkuðum svæðum, t. d. í hverri sýslu, ættu að kjósa fulltrúa úr sínum hópi og fulltrúar þessir síðan að ákveða verð og flokkun kjötsins til neytenda innanlands á hverjum tíma. Réðu bændur sjálfir framleiðslu sinni með þessu fyrirkomulagi og mundu áreiðanlega ganga svo langt á móti kaupendum sem þeir teldu sér fært. Algert frjálstræði þyrfti að vera um það, hvort menn skiptu við verzlanir eða seldu beint til neytenda“.

*Úr Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, 8. október 1935:* „... Af afurðasölumálunum eru það aðeins kjötsölulögin, sem snerta bændur hér austanlands. Við vorum mjög óánægðir með framkvæmd þeirra í fyrra, og svo mun enn verða. Verst er það, að þau koma að mestu leyti í veg fyrir kjötsölu til kaupstaðanna í ágúst og september. Svo er það hér, og þá eflaust einnig annarsstaðar á landinu. Þessi sala var áður drjúgur verðbætir þeim, sem höfðu tók á að notfæra sér hana. Og þetta varð til þess, að kjötmagnið varð minna í aðalkaupþiðinni og viðráðanlegra á hinum þrönga markaði. Ég er þessu kunnugastur á Seyðisfirði. Þar hefir kaupfélagið fengið leyfið, þegar loksins hefir mátt byrja að slátra, aðrir ekki fyrr en síðar. Kaupfélagið mun lítið meira hafa selt en það gerði áður en lögin komu. Ágúst- og septembersalan hefir því minnkað um það, sem þrír kaupmenn seldu áður. En hver þeirra seldi þá svipað og kaupfélagið. Salan er því  $\frac{1}{4}$  af því, sem hún áður var, og þó enn minni af því að seinna var byrjað. Þessi leyfi eru misnotuð herfilega til þess að hlaða undir kaupfélögin og fjötra menn við þau með viðskipti sín, hvort sem þeir vilja eða ekki“.

*Úr Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu, 24. sept. 1935.* „... Hér er áberandi óánægja út af mistökum á framkvæmdum á afurðasölumálum bænda. Ég minnst ekki að hafa fyrr heyrt raddir meðal framleiðenda um það, að tilgangslaust sé að framleiða nokkuð, því mikið af því fari í skatta“.

*Úr Hólahreppi, Skagafjarðarsýslu, 10. október 1935:* „... Þá er að minnast á kjötlögin. Get ég sagt það, bæði fyrir mína hönd og annara, að við unum

illa því ófrelsi, sem af þeim leiðir, og teljum ekki heldur til bóta að spenna bogann svo hátt að því er kjötverðið snertir, að það gangi ekki út, og óttumst við, að það geti leitt til þess, að farið verði að takmarka kjötframleiðsluna.“

*Úr Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, 7. október 1935:* „... Þegar bændur hér fóru að reka fé sitt á Siglufjarðarmarkaðinn, eingöngu til þess að ná sér í peninga til greiðslu á opinberum gjöldum og því, sem þeir höfðu tekið út á Sauðárkróki, þegar kaupfél. var allslaust af vörum, voru allar dyr lokaðar, nema dyrnar að kjötbúð félagsins. Þangað urðu bændur nauðugir að láta kjöt sitt, án þess að fá peninga upp í þarfir sínar. Nýja kjötbúðin á Siglufirði ætlaði að starfa og kaupa kjöt fyrir peninga út í hönd, og fékk sláturleyfi hjá kjötverðslagsnefnd á 500 fjár, en það hrökk skammt, svo að hún bað um leyfi til að mega slátra fleiru, en það fékkst ekki. Þetta finnst bændum nokkuð þvingandi, og talsvert ófrelsi í því felast, að mega ekki breyta framleiðsluvörum sínum í peninga eða annað, sem þeim kemur vel. T. d. hefir ekki verið hægt að fá timbur hér hjá félaginu nú í nokkur ár, girðingarefni o. fl., sem bændur þurfa árlega að fá til viðhalds girðingum og húsum. Þetta höfum við fengið bæði frá Sauðárkróki og Siglufirði gegn peningagreiðslu. Það er því auðskilið, að við þurfum að breyta vörum okkar í peninga, en á það eru nú lagðar miklar hömlur.“

*Úr Þverárhreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, 1. okt. 1935:* „... Um afurðasölumálin vil ég þó segja það, að það nær ekki nokkurri átt, hve miklar hömlur og skattar leggjast á einkaviðskipti manna í milli.“

*Úr Kirkjuhvammshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, 1. sept. 1935:* „... Verðjöfnunargjald af kjötinu á að vera til að jafna verð á kjöti, sem út er flutt. Það hefir ekki verið gert. Saltkjötið ætti að fá alla uppbótina, þar til það yrði jafnhátt eins og jafngott kjöt fryst. Fyrr er það ekki réttlátt, það hljóta allir að sjá ...“

*Úr Ögurhreppi, N.-Ísafjarðarsýslu, 3. des. 1934:* „... Þetta nýja skipulag á kjötsölu hefir komið þannig við mig, að það er stærsta áfallið, sem búskapur minn hefir orðið fyrir, síðan ég byrjaði að hokra. En það er ekki ég einn, sem orðið hefi fyrir barðinu á þessum lögum. Hafa þau leikið aðra enn verr en mig hér í sýslu. Veit ég, að sumir þeir, sem áður slátruðu að mestu heima, urðu í haust veðurteptir í viku á Ísafirði, eftir að þeir loks komu fénu þangað til slátrunar með ærnum kostnaði. Slátrin, sem sumir þeirra ætluðu að flytja heim í bú sín, skemmdust eða urðu ónýtt.“

*Úr Grunnavíkurhreppi, N.-Ísafjarðarsýslu, 31. ágúst 1935:* „... Þá er að minnast á kjötlögin. Ég hefi þar ekki fagra sögu að segja. Ég hefi ætíð slátrað heima og held mér sé óhætt að segja, að það hafi ekki fundizt gallar á kjöti frá mér, hvorki upphaflegum gæðum þess né verkuninni. Hafði ég líka svo góða viðskiptavini á Ísafirði, að ég fékk alltaf dálítið herra fyrir mitt kjöt heldur en almennt var selt.

Nú varð ég að fara með allt til Ísafjarðar, og varð tap mitt á kjötinu 400 krónur, miðað við það, ef ég hefði verið frjálst með kjötið. En þá er ótalið, að ég varð að selja öll slátrin fyrir lítið verð, en þau hafa venjulega verið drjúgur hluti þess, sem ég hefi lagt til búns míns á haustin, því um heimflutning þýðir ekki að hugsa svo langa leið, eins og hér viðrar oft á haustin.“

*Úr Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, 19. október 1935:* „... Kjöt-sölulögin eru illa liðin hér, einkanlega vegna þeirra takmarkana, sem þau leggja á umráðarétt bænda yfir þessari réttmætu eign þeirra. Kjötsalan ætti að vera alveg frjáls.“

*Úr Tálknafjarðarhreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu, 25. október 1935:* „... Kjötsölulögin eru einhver versta sending, sem Alþingi hefir nokkurntíma sent okkur bændum. Ef ekki hefði verið um aðrar álögur að ræða en verðjöfnunargjaldið, þá hefði ég ekkert kvartað, þó það sé frá mínu sjónarmiði ósann- gjarnt, að verðjöfnunargjaldið sé jafnhátt alstaðar. En það versta við þessi lög er það ófrelsi, sem lagt er á okkur bændur, því varla er hægt að segja, að við séum lengur frjálsir að eign okkar. En þessu næst er það mikla peningatjón, sem við biðum við það, að svona er tekið fram fyrir hendur okkar.

Ég hefi alltaf slátrað heima, því hér í Fjörðunum er ekkert sláturhús. Hefi ég alltaf saltað kjöt fyrir fasta viðskiptamenn. Í fyrra sótti ég um leyfi til heimaslátrunar og fékk það. Svo sótti ég aftur í sumar, og datt ekki í hug annað en að allt yrði við sama. En nú brá svo við, að ég fékk ekkert svar. Ég skrifaði því nefndinni aftur, en það fór á sömu leið, að ekkert svar kom. Loks þegar komið var að sláturtíð, átti ég samtál við skrifstofu nefndarinnar og fékk þá að vita, að neitun væri á leiðinni í pósti. Var mér nú skipað að fara með sláturfé mitt til Sveinseyrar og slátra því hjá kaupfélaginu. Kaupfélagið hefir ekkert sláturhús fremur en ég, og er slátrað þar bara á „gamla mátann“. En ákvörðun kjötverðlagsnefndar bakaði mér mikið peningatjón og óbæri- lega fyrirhöfn.“

*Úr Breiðavíkurhreppi, Snæfellsnessýslu, 12. sept. 1935:* „... Það væri nú fyrir sig að borga þetta verðjöfnunargjald af því kjöti, sem selst innanlands, til að bæta upp það, sem út er flutt og selt við lægra verði, ef verzlunin væri gefin alveg frjáls, að öðru leyti en því, að kjötkaupmenn á hverjum stað drægju verðjöfnunargjaldið frá ...“

*Úr Stykkishólshreppi, Snæfellsnessýslu, 8. okt. 1935:* „... Í þessu sam- bandi skal þess getið, að Kaupfélagið hefði ekki aðstöðu til að gefa einu sinni þetta verð fyrir kjötið, ef það tæki ekki ágóðann af gærusölunni til að bæta upp kjötverðið. Kaupfélögin hafa farið þessa leið, að hafa verð á gærum mjög lágt, til þess að geta notað ágóðann af sölu þeirra til að bæta upp kjötverðið. Mismunurinn á útsöluverði á kjöti og því verði, sem framleiðendur fá, hefir aldrei verið eins mikill hér eins og nú. Óhætt má fullyrða, að  $\frac{1}{2}$  hlutar bænda hér um slóðir eru mótfallnir kjötverðlagsnefndinni og öllum þeim ófögnuði, sem henni fylgir ...“

*Úr Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu, 20. september 1935:* „... Hvað snertir afurðasölumálin, þá er það áreiðanlega hið mesta vandræðamál, sem komið hefir fyrir landbúnaðinn, því kjöt- og mjólkursölulögin hafa nú þegar orðið til þess að hnekkja til muna innlendum markaði fyrir þessar vörur, og þá um leið að þrengja markaðinn í heild.

Öruggasta leiðin til að auka sölu er sú, að sem flestir selji, — varan sé sem víðast á boðstólum. Kunnugleiki og vinátta skapa líka aukna sölu með

öðru fleira. Mesta þörf tel ég á að koma á þeirri breytingu, að einstaklingunum séu ekki bönnuð bein viðskipti.“

*Um frumvarpsgreinarnar.*

Um 1. gr.

Grein þessi er um það, hverjir skipa menn í kjötverðlagsnefndina. Er lagt til, að breytt sé til um tilnefningu tveggja nefndarmannanna þannig, að í stað Alþýðusambands Íslands tilnefni Búnaðarfélag Íslands einn mann í nefndina, og í stað Landssambands iðnaðarmanna komi sveitarstjórn fjölmennasta sveitarfélags á hverju verðlagssvæði. Breyting þessi mælir fyrir sér sjálf.

Um 2. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er upphafið bann 3. greinar kjötsölulaganna við frjálstri slátrun og beinni sölu. Er bændum með þessari breytingu fenginn aftur óskertur umráðaréttur yfir sláturfé þeirra.

Um 3. gr.

Viðaukinn við þessa grein byggist á því, að útsöluverð á kjöti er sett lægra í þessum landshlutum en á verðlagssvæði Reykjavíkur, og að innlendi markaðurinn er þar þrengri.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 5. gr.

Það liggur í augum uppi, að fyrst sú regla er upp tekin að láta menn greiða gjald af því kjöti, sem selt er á innlendum markaði, og að bæta með því upp verð á útfluttu kjöti, ef með þarf, þá á fyrst og fremst að nota það fé til þess að jafna verðið á útflutta kjötinu, þar til menn hafa fengið svipað eða sama verð fyrir kjöt, sem er jafngott að uppruna, þar eð mönnum er það ekki sjálfrátt, á hvern hátt það er verkað.

Um 6. gr.

Með þessari grein er ætlazt til, að kjöteigendum verði tryggt það, að þeir verði ekki sviknir um þann innlenda markað, sem þeir hafa keypt með verðjöfnunargjaldinu. Þetta atriði er rökstutt í greinargerðinni hér á undan.

Um 7. gr.

Þarf ekki skýringar.